

Ár 2013, mánudaginn 15. júlí 2013, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness í málinu

nr. S-467/2013:

Ákærvaldið

(*Hulda P Stefánsdóttir saksóknari*)

gegn

Róberti Erni Jónssyni

(*Súsanna Fróðadóttir hdl.*)

kveðinn upp svohljóðandi

Dómur.

Mál þetta var höfðað með birtingu ákæru ríkissaksóknara þann 13. maí 2013, á hendur Róberti Erni Jónssyni, kt. 000000-0000, Danmörku en með dvalarstað að [...] fyrir eftirtalin kynferðisbrot framin miðvikudaginn 6. mars 2013 í [...]:

1. Kynferðisbrot gegn [...], þá 14 ára gömlum, með því að hafa í [...] berað kynfæri sín og fróað sér fyrir framan [...] og er [...] ætlaði að ganga út úr [...]greip ákærði um axlir hans og káfaði á kynfærum [...] utanklæða og bauð honum munnmök.

Telst þetta varða við 2. mgr. 202. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Kynferðisbrot með því að hafa haft í vörslu sinni eina ljósmynd og 5 hreyfimyndir á tölvu sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Lögregla haldlagði framangreind gögn í tölvu sem fannst í farangri ákærða.

Telst þetta varða við 1. mgr. 210. gr. a almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einnig er þess krafist að ákærði sæti upptöku á tölvu (munur 375528) samkvæmt 1. t. l. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, sbr. ákærulið 2.

Einkaréttarkrafa.

Af hálfu [...], vegna ólöggráða [...], kt. 000000-0000, er krafist að ákærða verði gert að greiða miskabætur samtals að fjárhæð kr. 800.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 6. mars 2013 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfunnar, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Ákærði neitaði sök vegna ákæruliðar 1 og krafðist sýknu. Þá mótmælti hann bótakröfunni. Ákærði játaði við þingfestingu málsins háttsemi samkvæmt ákærulið 2 og krefst vægustu refsingar vegna þeirrar háttsemi. Ákærði samþykkti upptökukröfu ákæruvaldsins.

Aðalmeðferð málsins hófst 5. júní sl. og var framhaldið þann 19. júní sl. og var málið tekið til dóms að henni lokinni.

Málavextir.

Upphaf máls þessa er að þann 6. mars var óskað aðstoðar lögreglu að [...]vegna manns er hafði leitað á ungan dreng þar. Var ákærði handtekinn í kjölfar þess og færður á lögreglustöð. Var blóðsýni tekið úr ákærða og mældist í honum alkóhól 2,22 prómill og tetrahýdrókannabínól 0,8 ng/ml. Var ákærði yfirheyrdur daginn eftir þegar víman var runnin af honum. Í framhaldi var tölva ákærða haldlögð og rannsókuð þar sem þau gögn fundust sem ákært er fyrir í ákærulið 2. Neitaði ákærði strax hjá lögreglu að hafa verið einn [...] og ekki spjallað við neinn þar.

Fyrir liggur að nokkrir unglingar voru [...] á sama tíma og ákærði. Kemur fram á myndum úr upptökukerfi [...] að ákærði er í [...] og nokkrir unglingar. Þá lýsti fjöldinn af unglingum því að ákærði hafi verið í [...] ásamt brotþola og tveir unglingar urðu vitni að því að brotþoli varð einn eftir [...] með ákærða.

Lýsti brotþoli því strax fyrir félögum sínum, að maður hefði káfað á sér [...], er hann kom aftur [...] til þeirra. Í beinu framhaldi fór brotþoli til starfsmanns og sagði frá atvikinu. Í kjölfar var hringt í lögregluna sem handtók ákærða á staðnum.

Barnaverndarnefnd [...] kærði háttsemina til lögreglu með bréfi þann 7. mars sl.

Skýrslur aðila og vitna fyrir lögreglu og dómi.

Verða nú raktar skýrslur ákærða og vitna fyrir lögreglu og dómi eftir því sem ástæða þykir til.

Ákærði neitaði sök hjá lögreglu og kvaðst aldrei hafa verið einn [...] með brotþola og ekki hafa rætt við neinn þar.

Ákærði kvaðst fyrir dóminum hafa farið [...] umræddan dag og ekki átt samskipti við nokkra manneskju nema stúlkuna í afgreiðslunni þegar hann kom [...]. Kvaðst hann hafa farið nokkrum sinnum í [...], hann hafi í eitt skipti verið einn [...] en þar hafi líka komið hópur fólks, bæði ungt fólk og eldra fólk. Neitaði ákærði að hafa verið einn [...] með nokkrum eða að hafa sýnt af sér kynferðislega háttsemi.

Þá neitaði ákærði því að hafa verið með bendingar til krakka á staðnum um að koma [...]. Ljósmyndir prentaðar úr eftirlitskerfi [...] voru bornar undir ákærða. Mótmælti hann því að mynd sýndi að honum risi hold, frekar væri um brot í buxum að ræða. Þá sagði hann það tilviljun ef fætur hans hafa snert einhverja [...], hann hafi ekki verið að reyna að hafa samskipti við einn né neinn. Ákærði kvaðst ekki hafa hneigð til ungra drengja. Þá sagði hann það barnaefni sem fannst í tölvu hans hafa verið sótt fyrir löngu og hann ekki skoðað það í langan tíma.

Skýrsla var tekin af brotþola 11. mars sl. í Barnahúsi. Lýsti brotþoli því að hann [...] á hverjum degi og væri mikill íþróttamaður. Brotþoli kvaðst aðspurður vera kominn í Barnahús í skýrslutöku af því að maður hafi reynt að nauðga sér. Kvað hann að í umrætt sinn hafi hann verið nýbúinn [...]og krakkarnir farið [...]eins og vanalega til að slaka á og róa vöðvana. Þau hafi síðan ákveðið að fara [...]. Þau hafi verið mjög mörg [...] og krakkarnir síðan farið aftur [...] en hann ákveðið að vera aðeins lengur og slaka á. A, vinkona hans, hafi komið inn aftur og spurt hann hvort hann væri ekki að koma og hann svarað því að hann ætlaði að liggja aðeins lengur. Hann hafi þá verið einn eftir [...] ásamt tveimur öðrum mönnum. Fljótlega hafi annar maðurinn farið út [...] en brotþoli ákveðið að liggja í um fimm mínútur í viðbót og slaka á. Hann hafi síðan reist sig upp og þá hafi maðurinn farið að tala við sig og sagt eitthvað um það hvað væri „djöfull“ [...]. Brotþoli kvaðst hafa svarað með jái og síðan staðið upp og ætlað að fara en maðurinn sagt eitthvað sem hann hafi ekki heyrt. Þegar brotþoli var að standa upp hafi hann tekið eftir því að maðurinn hafi verið að runka sér. Hann hafi farið með höndina inn fyrir [...] á sér og tekið liminn út fyrir [...]. Brotþola hafi fundist það mjög óviðeigandi og talið að hann væri að sjá eitthvað vitlaust vegna hitans inni. Þegar brotþoli var að ganga út hafi maðurinn sprottið upp, gengið upp að honum, sett handlegginn yfir axlirnar á brotþola og gripið í klofið á honum utanklæða og spurt hann, eins og um boð hafi verið að ræða, hvort ekki mætti bjóða honum tott. Brotþoli kvaðst ekki hafa áttað sig á því hvort maðurinn var að bjóðast til að totta brotþola eða bjóða brotþola að totta sig. Brotþoli hafi „sjokkerast“ og ekki vitað hvað hann ætti að gera. Hann hafi svo ýtt við manninum, sagt nei við hann og farið [...] og sagt krökkunum hvað hafði gerst. Brotþoli kvaðst hafa fengið „svona sjokk“ og ekki vitað hvernig sér leið. Að áeggjan vinna sinna, svo og að honum hafi fundist að maðurinn ætti ekki að komast upp með þetta, hafi hann farið til [...] og skýrt frá þessu. Á meðan beðið var eftir lögreglu hafi brotþoli farið að titra og ekki getað hætt því. Þegar hann hafi séð lögregluna hafi hann brotnað saman og farið að gráta. Honum hafi líðið eins og að það hafi verið búið að brjóta algjörlega á sér. Brotþoli lýsti manninum sem þybbnum, með hár á bringu og maga, með úfið svart hár og hliðartopp en hárið rakað upp með eyranu. Hann hafi verið með sérkennileg armbönd, sem virtust vera fléttuð úr leðri með einhverjum svörtum og hvítum kubbum á. Þá hafi hann verið í svörtum [...].

Aðspurður kvaðst brotþoli eiga erfitt með að sofa á nóttunni eftir þetta því að atvikið komi alltaf upp í kollinum á honum. Honum líði mjög illa eftir þetta og það hafi verið mjög erfitt að fara aftur á æfingar því hann hafi verið óruggur um það hvernig aðrir myndu bregðast við eftir atvikið. Þá þyki honum mjög erfitt að fara í skólann.

Brotþoli teiknaði í Barnahúsi afstöðumynd af [...] sjálfum sér, ákærða, vinahópnum og öðrum manni og liggur sú teikning fyrir í málinu.

B kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið með vinum sínum að [...] og þau hafi farið [...] á eftir. Hann hafi verið með C, D, E og F. Hann mundi ekki eftir fleirum. Þau hafi farið í [...] og hann sest vinstra megin séð frá hurðinni þegar komið sé inn, krakkarnir fyrir miðju og ákærði hægra megin. B hafi lagst og reynt að slaka á. Krakkarnir hafi síðan farið út [...]. Eftir hafi verið brotápoli, ákærði og einn maður til viðbótar en hann hafi farið fljótlega út [...]. Fljótlega hafi ákærði sagt: „Djöfull er [...] hérna inni“. Brotápoli hafi svarað honum einhverju og ætlað að standa upp og séð þá að ákærði var að eiga við typpið á sér og runka sér en hann hafi tekið typpið út á sér. Brotápoli hafi haldið að hann væri að sjá ofsjónir vegna [...] og staðið upp til að fara út. Ákærði hafi þá staðið upp og gripið um öxl brotáþola eins og hann ætlaði að hindra hann í að komast út og gripið harkalega um klofið á brotáþola og byrjað að nudda typpið og sagt: „Má ég bjóða þér tott?“ Brotápoli hafi fengið sjokk og staðið frosinn í smástund, þangað til hann hafi ýtt ákærða frá sér og farið út. Hann hafi farið beint [...] til félaga sinna og sagt þeim frá. Þau hafi sagt honum að segja starfsfólki frá, sem hann hefði gert. Í framhaldi hafi lögreglan komið en brotápoli hafi fallið saman og grátið. Lýsti brotápoli ákærða þannig að hann hafi verið með stutt dökkt hár með smáskegg, ekki í góðu formi, með smábumbu og með tvö armbönd. Annað hafi verið svart og hvítt og hitt fléttað úr leðri. Brotápoli kvaðst aldrei hafa séð þennan mann fyrr en [...]. Aðspurður um ástand á typpinu [...] sagði brotápoli typpið á ákærða fyrst hafa verið lint en ákærði hafi verið að reyna að gera typpið stinnt. Aðspurður kvað hann C, D, F, E og einhverja fleiri, sem hann myndi ekki nöfnin á, hafa verið [...] þegar hann kom aftur ofan í hann.

Brotápoli lýsti líðan sinni eftir þetta á þann hátt að hann ætti erfitt með svefn, svæfi mest fimm klukkustundir á sólarhring, hætti að borða eftir þetta, finnist óþægilegt að vera einn, reyni að einangra sig í tölvunni og sé hættur að heimsækja vini sína. Þá hafi þetta haft áhrif á [...] og skemmt fyrir honum. Hann hugsar um þetta þegar hann fer að sofa og sé hræddur. Atvikið hafi haft mikil áhrif á sig.

M, móðir brotáþola, kom fyrir dóminn og kvaðst fyrst hafa frétt af atvikinu þegar lögreglan hringdi í hana til að sækja brotáþola. Brotápoli hafi sagt sér að ákærði hafi ætlað að nauðga sér. Þá hafi hann sagt henni frá atburðum inni [...] á sama hátt og ákærði lýsti fyrir dómnum. M sagði brotáþola vera mjög reiðan eftir atvikið, sem hún hafi aldrei merkt hjá honum áður, hann einangri sig og eigi erfitt með að hitta vini sína. Hann eigi erfitt með að faðma hana og hafi atvikið haft mikil áhrif á hann.

G félagsráðgjafi kom fyrir dóminn og kvað málið hafa farið í eðlilegt ferli hjá barnavernd og verið vísað áfram til lögreglu. Taldi G að brotápoli hafi upplifað að honum yrði nauðgað, hann hafi verið mjög hræddur. Atvikið hafi valdið honum mikilli vanlíðan og geri enn. Sagði G að brotápoli hafi lýst atvikinu á sama hátt og brotápoli lýsti fyrir dómnum.

H sagði hjá lögreglu að það eina sem hann viti um málið sé að maðurinn hafi beðið sig um að koma með sér [...], hann hafi örugglega gert það um fimm sinnum. Maðurinn hafi sagt við sig: „Gaur komdu [...],“ en H neitaði því. H kvaðst hafa verið að leika sér [...] með félögum sínum. Þau hafi verið I, Í, J, K, L og N. Maðurinn hafi elt sig og hina krakkana um [...], hann hafi farið [...] þegar þau fóru í [...] og hann hafi komið á eftir þeim [...]. Þau hafi yfirgefið [...] um leið og

maðurinn kom þangað og þá hafi hann einnig farið út [...]. H lýsti manningnum eins og leikaranum í Walking Dead. Hann hafi verið með skegg, augun eins og þau hafi verið bólgin, með lítið brúnt hár, lítill en ekki feitur. H sagði krakkana síðan hafa [...], sem næstur sé [...], og þá hafi maðurinn staðið fyrir framan hurðina [...], [...] og horft á H og krakkana [...] og gefið þeim merki um að koma með fingrinum. Aðspurður hvort maðurinn hafi snert aðra krakka [...] fannst H eins og að hann hafi teyg út höndina í átt að I þar sem þau lágu. Hann viti þó ekki hvort hann hafi bara verið að teygja úr sér. Maðurinn hafi verið í ljósblárri eða dökkblárri [...].

H kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið [...] þetta kvöld. Hann hafi verið með Í, I og fleirum. Ákærði hafi verið við opna hurð inni [...] og spurt sig hvort hann vildi koma [...]. H hafi fundist það undarlegt og foreldrum hans líka. H þekkti ákærða aftur í dómsalnum. H kvaðst hafa séð brotþola þegar hann kom síðan inn [...] og hafi hann séð að brotþoli var skjálfaði og hræddur.

O kvaðst hjá lögreglu hafa verið [...] umrætt kvöld með systur sinni og móður. Hann hafi farið [...] en þar fyrir hafi verið fullt af krökkum. Þau hafi verið að tala um mann sem hafi verið að horfa mikið á þau og reynt að fá þau [...] til sín. Hafi O tvisvar séð manninn koma út [...] og séð hann gefa krökkunum bendingu með fingrinum um að koma til sín. Krakkarnir hafi síðan farið öll [...] nema hann sjálfur sem hafi orðið eftir [...]. Hann hafi síðan farið í [...] og hitt þar strák sem sagði honum frá atvikinu. Hafi sá strákur, Ó, haft eftir B að maðurinn hafi ýtt í B, girt niður um sig og byrjað að fróa sér og spurt B: „Viltu totta?“ Á meðan Ó sagði O frá, hafi B komið inn í [...] og verið titrandi hræddur og kvaðst O hafa vorkennt honum mikið. O kvaðst hafa séð lögregluna fara með manninn og hafi það verið sami maðurinn og reyndi að fá þau [...]. O lýsti manningnum svo að hann væri ekki feitur og ekki mjór, um 35 ára gamall og frekar lítill. Hann hafi verið með lítið hár, samt ekki brodda, og brúnt á litinn. Hann hafi verið í [...].

L sagði hjá lögreglu að hann hafi verið [...] umrætt sinn að leika sér með vinum sínum, Ó, Í, H, P, Q, R, S og T. Þar hafi maður elt sig og vini hans, bæði [...]. Lýsti L manningnum sem frekar þybbnum, rauðum í augum, meðalmanni á hæð, með tvö armbönd á hægri hendi, annað eins og reimað og hitt eins og gúmmiband. Maðurinn hafi verið í svartri [...]. Maðurinn hafi staðið við glugga [...], alltaf verið að horfa út um gluggann og benda eitthvað og gefa þeim merki með fingrinum um að koma. Maðurinn hafi talað við H vin L og hafi hann heyrt manninn segja: „Komdu, komdu [...]“. Aðspurður kvað hann B hafa verið í uppnámi þegar hann kom inn [...] á eftir og með tár í augum.

U sagði hjá lögreglu að hún hafi farið [...] með bróður sínum og móður umrætt sinn. Hún hafi strax farið [...] og þar hafi verið um ellefu krakkar [...]. Krakkarnir hafi sagt henni að það væri maður [...] sem væri að reyna að lokka þau [...]. Hún hafi þá farið að fylgjast með þessu og tekið eftir manni sem hafi staðið í dyragættinni [...] og verið að gefa þeim bendingar með vísifingri um að koma [...]. Hann hafi gert þetta við þá krakka sem litu í átt til hans. Þau hafi rætt um þetta [...] og ákveðið síðan að fara öll saman [...]. Þegar þau komu [...] hafi maðurinn setið hægra megin við dyrnar og látið eins og hann væri sofandi. Þau hafi raðað sér [...] og á móti honum en ekkert rætt við hann. Þau hafi síðan farið aftur út og [...]. Eftir að þau voru farin [...] hafi annar krakkahópur farið [...] og þá hafi eitthvað gerst. Hún hafi ekki séð þegar þau komu aftur út en nokkru seinna hafi Ú komið til hennar og sagt henni frá því sem B sagði þeim þegar hann kom út [...]. Þá sagðist

hún hafa séð lögregluna fara með mann og það hafi verið sami maður og reyndi að lokka þau [...]. Maðurinn hafi ekki verið feitur og ekki mjór, um 40 ára gamall og með frekar dökkt hár.

U kom fyrir dóminn og kvaðst hafa farið [...] með félögum sínum. Ákærði hafi verið [...] og verið að gefa þeim merki með fingrunum um að koma til sín. Þau hafi síðan farið öll [...]. Ákærði hafi einnig verið [...] og setið með lokuð augun. Þau hafi síðan öll farið út aftur. J, K, Q, L, Í, H og fleiri krakkar hafi verið með henni. U kvaðst vita hver brotþoli væri en hann hefði verið með öðrum krökkum. Hún hafi þó heyrt á staðnum hvað hafi gerst [...]. U kvaðst þekkja ákærða aftur í dómsalnum.

V sagðist hjá lögreglu hafa farið [...] umrætt sinn með börnum sínum. Hún hafi farið beint [...] og hafi nokkur hópur barna verið þar fyrir. Hún hafi orðið vör við óróa í krökkunum og hafi þau verið með athyglina [...]. Hún hafi því farið að fylgjast með [...] og tekið eftir manni sem stóð þar í dyragættinni og gaf krökkunum bendingu með fingrinum um að koma [...]. Henni hafi fundist skrýtið að dyrnar út voru lokaðar en dyrnar [...] hafi verið opnar. Af þessum sökum hafi rýmið [...]. Maðurinn hafi síðan öðru hvoru opnað útidyrnar og horft í áttina [...] sem þau voru í, ruggað sér í mjöðmunum og farið svo aftur [...] og lokað hurðinni. Þetta hafi hann gert í tvö eða þrjú skipti. Þá hafi hún einnig séð hann kíkja út um glugga, sem var á hurðinni, í átt til þeirra. Kvaðst hún hafa fengið á tilfinninguna að þessi maður væri „perri“. V kvað krakkana hafa farið [...] og verið þar inni í 10-15 mínútur og komið þá út aftur. Eftir það hafi annar hópur af krökkum farið [...], það hafi verið krakkar sem verið höfðu [...]. Meðal þeirra var brotþoli en hún kvaðst þekkja móður hans. Hún hafi hins vegar ekki séð krakkana koma aftur [...] þar sem hún hafði farið annað. Hún hafi síðan heyrt [...] þegar hún fór upp úr að B hafi sagt frá því að maður hafi reynt að nauðga honum.

Ó sagði hjá lögreglu að hann hafi verið [...] og maður alltaf að elta þau. Maðurinn hafi síðan farið [...] og þá verið að benda á krakkana og segja þeim að koma. Þau hafi síðan farið öll [...] og þá hafi maðurinn verið að klóra sér í pungnum. Eftir að þau voru komin [...] hafi strákur komið inn hálfgrátandi og sagt þeim að maðurinn hefði tekið í axlirnar á honum, ýtt honum niður, girt niður um sig og byrjað að fróa sér fyrir framan hann og sagt: „Viltu tott?“ Hann hafi náð að ýta manninum frá sér og hlaupið út. Ó lýsti manninum sem smáþybbum, með dökkt eða brúnt hár, svolítið brúnn eins og hann væri oft í sólbaði eða ljósum. Þá hafi annar maður verið [...], um 23 ára, maður sem tæki þátt [...], frekar þykkur og stór með brúnt hár. Ó sagðist hafa séð brotþola eftir atvikið og hafi honum liðið mjög illa, verið frekar hræddur og sést hafi tár.

Ó kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið [...] umrætt sinn. Þar hafi verið maður sem kom alltaf nær og nær þeim og honum fundist hann elta þau. Hann hafi aðallega orðið hræddur en maðurinn hafi ekki talað neitt við þau. Maðurinn hafi bent þeim með hendinni að koma [...]. Þau hafi síðan farið öll saman [...]. Lögreglan hafi svo komið. Ó sagðist hafa hitt B [...] á eftir og hafi hann verið mjög hræddur og liðið illa. Þar hafi B sagt sér að maðurinn hafi gripið í klofið á honum og beðið hann um að totta sig. Þá hafi B verið hálfgrátandi.

R kvaðst hjá lögreglu hafa verið [...] með vinum sínum umrætt sinn. Hann hafi séð umræddan mann, sem hafi verið á milli þrítugs og fertugs, um 183 á hæð,

milli þess að vera þybbinn og grannur. Skollitað hár, aðeins mikið, [...]. R sagðist hafa farið [...] með krökkunum og séð manninn teygja úr sér. Þá hafi hann heyrt brotþola segja [...] að maðurinn hafi tekið hann niður, girt niður um sig og byrjað að fróa sér og spurt brotþola hvort hann vildi tott. R sagði að brotþoli hafi verið mjög leiður og sár.

K lýsti atvikinu svo hjá lögreglu að hún hafi verið [...] umrætt sinn með vinum sínum. Þar hafi verið maður sem elti þau [...]. Alltaf þegar þau fóru eitthvað þá hafi hann komið þangað. Þá hafi hún séð hann opna hurðina [...] og hún og H hafi ætlað þangað inn. Þá hafi maðurinn sagt: „Það er ógeðslega [...] þarna inni.“ Þau hafi þá bara farið [...]. Aðspurð sagði hún manninn hafa bent krökkunum á að koma í gegn um glugga [...]. Sagði hún að X hafi sest við hliðina á manningum [...] þegar krakkarnir fóru þangað og þá hafi hann verið eitthvað að klóra sér. Hélt hún að það hafi verið með hægri hendinni og utan [...], eiginlega á kynfærunum. Hann hafi ekkert verið að fela það. Aðspurð kvaðst hún hafa séð brotþola í „panik“ [...] en ekki spáð í það. Hún hafi ekki heyrt hann tala en séð hann gráta.

K kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið [...] umrætt sinn. Sagði hún mann hafa verið þar og bent krökkunum með höndunum að koma [...] til sín. Maðurinn hafi sífellt verið á eftir þeim og elt þau. Hún hafi séð brotþola þegar hún var komin [...] og séð brotþola grátandi.

Í sagðist hafa verið [...] umrætt sinn með vinum sínum. Þau hafi farið [...]. Þau hafi verið [...] en einn kall hafi alltaf verið að elta þau. Þau hafi grunað að hann væri barnaperri og hafi eitthvað verið að hvíslast á. Þau hafi síðan farið [...] og hann verið þar allan tímann. Maðurinn hafi þóst vera sofandi en hafi verið að horfa á þau. Svo hafi hann verið að klóra sér í typpinu. Þegar þau fóru [...] hafi hann orðið eftir. Þau hafi síðan farið um fimmtán saman aftur [...] og þá hafi maðurinn bara setið þarna. Svo hafi einn vinur Í komið og sest við hliðina á manningum sem hafi þá byrjað að fíkta í pungnum á sér. Krakkarnir hafi verið skíthræddir og farið aftur út. Þá hafi [...] farið inn [...]. Fljótleg hafi allir farið út nema þrír og svo hafi bara einn verið eftir þar inni með barnaperranum. Þetta sé það eina sem hann viti utan að maðurinn hafi líka verið að spyrja þau um kennitölur og fullt nafn þeirra. Það hafi verið í [...] en þar hafi hann fyrst komið á eftir þeim og farið að tala við hann. Þar hafi hann sagt: „Nei blessaður, kannast ég ekki við þig?“. Í kvaðst ekki vita það en örugglega kannaðist hann ekki við sig. Maðurinn hafi þá spurt: „jú heitirðu ekki, hvað er nafnið þitt?“ Í kvaðst hafa sagt honum nafn sitt en ekki kennitölu sína þegar hann spurði um hana. Meira hafi þeir ekki rætt saman.

Í lýsti því að þegar þau voru [...] hafi I komið inn og sest hægra megin við manninn. Maðurinn hafi alltaf verið að horfa á hann með öðru auganu og fíkta í typpinu á sér. Hann hafi verið í svartri [...]. Í giskaði á að maðurinn væri svona 36 ára, um 175 á hæð, millisítt hár og þykkt, svart á litinn, með smáskegg og smáþybbinn. Þá kvaðst Í hafa séð lögregluna með barnaperrann sem var [...].

Í kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið [...] umrætt sinn með félögum sínum eftir æfingu. Þau hafi verið í [...] en séð karl í millihurðinni að [...] sem var að kíkja á þau. Hann hafi eingöngu rætt við H. Hann hafi bent krökkunum með fingrunum að koma [...]. Kvaðst hann ekki hafa séð sjálfur manninn klóra sér í typpinu, hann hafi heyrt það frá öðrum. Í kvaðst hafa séð B [...] á eftir og hafi honum greinilega liðið mjög illa.

Þ kvaðst hafa verið [...] umrætt sinn og farið beint [...]. Þar hafi nokkrir krakkar verið fyrir. Krakkarnir hafi sagt honum frá manni sem var búinn að elta þau [...] en væri nú í [...]. Þ kvaðst hafa tekið eftir þessum manni [...] því að hann hafi verið að gefa þeim bendingu með fingrinum um að koma til sín. Þau hafi síðan farið öll saman [...] og farið öll saman út aftur. Maðurinn hafi setið nærri hurðinni. Tveir stórir strákar hafi líka komið [...] og sest við hliðina á mannum. Maðurinn hafi ekki gert neitt. Þau hafi síðan farið [...]. Eftir að þau fóru úr [...] hafi fimm aðrir krakkar farið [...] en það hafi verið krakkar sem [...]. Þ kvaðst hafa verið að klæða sig þegar lögreglan kom og tók manninn sem var [...]. Lýsti þ mannum þannig að hann hafi verið um 32 ára gamall, um 180 sm á hæð, smáþybbinn og með svart stutt hár. Hann hafi verið með eyrnalokk, smáskegg og svolítið dökkur á hörund og í [...], hélt að þær væru grænar á lit. Þ kvaðst hafa séð að B leið illa, verið stressaður og sagst vera hæddur við að „vera þarna inni“.

I sagðist hafa verið [...] með H og Í. Fleiri krakkar hafi síðan komið [...] til þeirra. Þau hafi flakkað á milli [...] en það hafi vakið athygli þeirra að einn maður hafi elt þau [...]. Hann hafi verið grunsamlegur vegna þess að hann hafi „alltaf verið með tærnar utan í manni“. Maðurinn hafi farið á milli [...]. Þegar hann var [...] hafi hann talað við H og spurt hann hvort hann vildi koma [...]. Þá hafi hann horft út um gluggann [...] og gefið þeim bendingar um að koma inn [...]. Krakkarnir hafi ákveðið að fara öll saman [...] og verið um fimmtán saman. Enginn hafi sest nærri mannum nema X. Maðurinn hafi þá verið að klóra sér í pungnum utan á buxunum, á hlið eins og hann væri að laga þær til. Þau hafi síðan farið öll út og verið rekin upp úr skömmu síðar. X sagði að áður en krakkarnir hafi allir farið [...] hafi hann, H og Í farið [...] og þessi maður þá komið [...] strax á eftir þeim og setið þar inni með þeim. Maðurinn hafi í það sinn verið að fíkta í [...] með höndunum á nárasvæðinu. Maðurinn hafi verið í einhvers konar [...] sem hafi náð niður á lærin. X kvað manninn hafa elt þau í „[...]“ og lagst alveg við hliðina á þeim. Hann hafi komið við X með tánum, með táberginu á mjöðm X nálægt rassinum. X hafi fært sig fjær mannum en maðurinn hafi fíkrað sig aðeins nær og hafi síðan verið kominn að honum þannig að handleggirnir lágu saman. Þetta hafi verið orðið mjög óþægilegt. X kvaðst hafa séð brotþola [...] eftir á og hafi hann verið titrandi. Hann hafi rætt við brotþola og fannst að brotþoli hafi verið mjög hræddur. X kvaðst aldrei hafa séð brotþola áður. X kvaðst hafa séð lögregluna fara með manninn en ekki séð framan í hann þá. X lýsti mannum sem um 1,70 m á hæð, heldur að hann hafi verið dökkhærður, ekki með mjög sitt hár en það hafi staðið allt út í loftið og verið skollitað. Hann hafi verið milli þess að vera mjór og feitur. X lýsti fyrir lögreglu afstöðu allra [...]í fyrra og seinna skiptið með teikningu.

I kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið [...]í umrætt sinn með vinum sínum. Krakkarnir hafi haldið að maður væri að elta þau, en hann hafi haldið í fyrstu að það væri rugl. Maðurinn hafi verið með bendingar með fingrunum [...]. I kvaðst ekki muna í dag hvort maðurinn hafi verið að klóra sér í pungnum. Í [...] hafi maðurinn setið frekar nálægt honum, en [...] hafi verið upp við sig og rekist í sig. Það hafi þó ekki verið neitt áberandi, hann hafi ekki ýtt í sig en hann hafi fundið það. Það hafi alveg eins getað verið óvart. I sagðist hafa séð brotþola inni [...] eftir á og það hafi sést á honum að hann var í sjokki.

N kvaðst hjá lögreglu hafa verið [...] umrætt sinn. Kvaðst hann hafa farið með krökkunum [...] en ekki verið að fylgjast sérstaklega með mannum sem var

Þá fyrir [...]. Þau hafi síðan farið út og [...] á eftir þeim. N teiknaði afstöðumynd af [...] og þeim sem þar voru inni á meðan hann var þar.

P lýsti því fyrir lögreglu að maður hafi elt krakkana í [...] og hvert sem þau fóru. Hún hafi því verið orðin hrædd þegar maðurinn fór [...]. Þá lýsti hún því hvernig maðurinn fylgdist með krökkunum út um glugga [...] og gaf þeim merki um að koma til sín. Krakkarnir hafi síðan ákveðið að fara öll [...]. Inni [...] hafi maðurinn spurt þau hvað þau hétu og um kennitölur þeirra. P sagði maðurinn hafa verið með hönd sína undir [...] þegar þau voru þar inni. Hún hafi ekki þorað að vera [...] lengur og því farið út. [...] hafi síðan farið [...] á eftir þeim. Hún hafi síðan frétt þegar hún kom [...] að eitthvað hafi komið fyrir einn stráak sem [...]. P lýsti manningnum með dökkt skolleitt hár og rauður í augunum. Sagði P að maðurinn hefði spurt hana um nafn en hún ekki svarað honum. Það hafi verið sami maður og lögreglan tók. P kvaðst hafa verið hrædd og bjórlykt hafi verið af manningnum.

P kom fyrir dóminn og sagðist hafa verið með W í [...]. Þegar hún hafi komið [...] hafi hún heyrt talað um ákærða. Hún hafi séð hann í dyrunum [...] þar sem hann hafi verið að gefa þeim bendingar um að koma [...]. Þau hafi síðan farið öll saman [...] þar sem ákærði var. Hún hafi svo séð B fara seinna [...]. Hún hafi séð B í [...] og þá hafi hann verið grátandi.

J kvaðst hjá lögreglu hafa verið með vinum sínum [...]. Hún hafi þó komið aðeins á eftir þeim og heyrt að þar væri maður sem hafi elt krakkana. Strákarnir hafi síðan farið [...] og maðurinn á eftir þeim. Maðurinn hafi síðan [...] og verið að biðja þau um að koma með fingrabendingum. Þau hafi síðan öll farið [...] og þá hafi maðurinn verið þar líka. Hún hafi þó ekki horft á manningnum og því ekki vitað hvað hann gerði. Krakkarnir hafi síðan farið [...] en einn [...] hafi orðið eftir og þá hafi maðurinn gripið um klofið á honum. Hún hafi þó ekki séð þetta. J lýsti manningnum með ljósbrúnt eða ljósrautt hár og smáþybbinn og svona „mið á hæð“ og [...] sem hafi verið síð. Sagði J það vera sama manningnum sem lögregla tók og var [...]. J kvaðst hafa séð brotaþola [...] eftir þetta og hafi hann virst hræddur.

J kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið [...] umrætt sinn. Þar hafi verið maður sem reyndi að lokka krakkana inn [...]. Maðurinn hafi verið í milligangi að [...] og staðið þar. Maðurinn hafi verið með brúnt-rautt hár. Strákarnir hafi sagt henni að maðurinn hafi verið að elta krakkana [...]. Aðspurð kvaðst hún muna að maðurinn hafi sett hendurnar á sér í klofið á sér en hún hafi ekki séð neitt meira.

W sagði hjá lögreglu að hún hafi verið [...] og þar hafi verið maður sem hafi verið „dálítið ógeðslegur“. Maðurinn hafi verið að benda þeim á að koma til sín þegar hann var á milli [...]. Maðurinn hafi beygt fingurna á skrytinn hátt fram og til baka, eins og að þau ættu að koma til hans. Þau hafi séð manningnum tala við H og síðan hafi þau öll farið [...]. Þar hafi tveir karlmenn verið fyrir. Þau hafi síðan farið út þar sem þau þorðu ekki að vera [...] lengur. Maðurinn hafi setið með hausinn niðri en verið að gjóa augunum á þau. Maðurinn hafi setið til hliðar við hurðina þegar þau komu inn. Þá hafi tveir feðgar komið inn og sest við hliðina á manningnum. W teiknaði afstöðumynd af [...] hjá lögreglu. Lýsti hún manningnum sem 40 til 50 ára gömlum, með dökkt rytjulegt hár og smákrumpur í andlitinu. Hann hafi verið meðalstór. hvorki feitur né mjór. Hann hafi verið í svartri [...]. W kom ekki fyrir dóminn.

Q sagði hjá lögreglu að hann hafi verið [...] umrætt sinn og hitt fleiri krakka [...]. Lýsti hann hvernig ákærði stóð í dyrum [...] og einnig hvernig hann [...] og benti krökkunum á að koma til sín með fingrinum í gegnum gluggann. Þau hafi síðan öll farið [...] þar sem maðurinn hafi setið og ekkert gert. [...] hafi komið annar maður og sest við hliðina á manningnum og einhver með honum. Þau hafi síðan öll farið út og [...] og á eftir þeim hafi [...]. Hann hafi séð krakkana koma út á eftir en hélt að tveir krakkar hefðu orðið eftir [...]. Hann hafi síðan farið [...]. Eftir á hafi brotápoli sagt sér hvað gerðist. Þeir hafi verið [...] hjá [...] og brotápoli hafi sagt við sig: „Þessi kall reyndi að nauðga mér,“ eða eitthvað slíkt. Brotápoli hafi greinilega liðið mjög illa því að hann hafi titrað allur. Q kvaðst hafa séð þegar lögreglan fór með manningnum en það hafi verið sami maður og var [...]. Sá maður hafi einnig verið með ferðatöskur með sér. Lýsti Q manningnum sem manni um 45 ára gömlum, pínulítið krumpuðum í framan, í rifnum gallabuxum þegar lögreglan fór með hann. Hann hafi verið 1,80 m á hæð, með venjulegt hár á síddina en dökkt á litinn. Hann hafi ekki verið feitur og ekki mjór, svona „mið“, ekki alveg hvítur, småbrúnn. Hann hafi verið í svörtum [...]. Q teiknaði afstöðumynd af [...] hjá lögreglu og sýndi hvar ákærði sat.

Q kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið [...] umrætt sinn en hann hafi komið á eftir félögum sínum. Hann hafi séð ákærða [...] og haft dyrnar [...] opnar þannig [...]. Ákærði hafi þurkað [...] og bent krökkunum að koma til sín. Ákærði hafi m.a. talað við H. Q sagðist hafa séð brotápoli koma inn [...] og hann hafi sagt sér að maður hefði reynt að nauðga sér. Brotápoli hafi verið skjálfaði og hræddur.

C sagðist hjá lögreglu hafa verið að koma [...]. Maður hafi verið við hlið þeirra inni [...] sem var á leið [...]. Krakkarnir hafi verið að tala saman og hafi maðurinn rætt við þau, m.a. hversu mörg ríki væru í Bandaríkjunum. B hafi þá tekið eftir því að maðurinn var með armbönd og fattað seinna að þetta var sami maðurinn og var síðan [...]. Þau hafi farið á [...]. Það hafi verið svo margir [...] að þau hafi ákveðið að bíða aðeins en farið svo þegar fækkaði í [...]. Kalt hafi verið [...]. Þau hafi þá farið aftur út [...]. Þau hafi verið fjögur [...]; hann, D, B og A. Hann og D hafi farið út en A orðið eftir hjá B. B hafi sagt við A að hann færi að koma svo A hafi komið til þeirra [...]. B hafi svo komið til þeirra og sagt þeim frá atvikinu. C kvaðst hafa séð manningnum [...]. Hann hafi verið í gallabuxum, jakka og svo með armbönd, nokkur leðurarmbönd og svo armband sem sé vafið eins og búið sé til úr fallhlífarböndum. Hann hafi áður verið í [...]. Maðurinn hafi verið venjulegur í vaxtarlagi og dökkhærður. Þá kvað C annan mann hafa verið inni [...]. Sá hafi verið stuttklipptur og dálítið þybbinn með kassalaga andlit. Hann giskaði á að sá maður væri á milli 45 og 55 ára gamall og hafi hárið verið farið að grána á honum en annars væri hann meira dökkhærður.

C kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið [...] umrætt sinn. Hann hafi verið með D og fleirum og þeir verið [...]. Þar hafi verið maður sem talaði við þau. Honum hafi fundist það skrítið því að venjulega heilsuðu fastagestir bara. Þau hafi síðan farið [...]. Þeim hafi fundist [...]. A hafi verið síðust út fyrir utan B sem hafi sagst ætla að vera aðeins lengur. Einn fastagestur hafi verið [...] með syni sínum þegar þau komu inn, fyrir utan ákærða, en þeir hafi verið farnir [...] þegar þau fóru sjálf út. B hafi síðan komið til þeirra [...] og sagt þeim frá því sem gerðist [...].

Ú kvaðst hafa verið [...] umrætt sinn. Hún hafi farið [...]. Þegar krakkarnir fóru út aftur hafi brotaþoli orðið einn [...]. Stuttu seinna hafi brotaþoli komið til þeirra og verið í sjokki og sagt þeim að maðurinn þarna inni hefði ætlað að nauðga sér. Þau hafi ekki trúað honum í fyrstu en brotaþoli þá lýst því að maðurinn hafi gripið í klof hans og spurt hvort hann vildi fá tott. Þau hafi þá hvatt brotaþola til að fara og tilkynna atvikið til [...], sem hann hefði gert. Aðspurð um manninn kvað hún hann hafa verið með brúnt hár og hvítar strípur, ekki feitan og ekki grannan. Hann hafi verið í [...], miðlungs víðri og ekki [...]. Brotaþoli hafi verið í sjokki. Ú sagði að tveir aðrir fullorðnir hafi verið [...] þegar hún kom [...] en farið fljótlega út. Ú teiknaði afstöðumynd af [...] og lýsti því hvar maðurinn sat er þau komu [...].

Ú kom fyrir dóminn og lýsti því svo að krakkarnir hafi verið [...], hún, A, F, Æ, C, B og Ö. Þau hafi síðan farið [...]. Hún, F og Æ hafi síðan farið út en B hafi komið síðastur út [...]. B hafi þá sagt þeim að kallinn [...] hafi ætlað að nauðga sér. Hann hafi sagt að maðurinn hafi gripið í sig og spurt hvort hann vildi tott. B hafi verið stífur og mjög brugðið. Ú sagði að annar maður hafi verið [...] og farið út áður en þau fóru út. Þá hafi ákærði verið eftir [...].

Á sagðist hjá lögreglu hafa farið [...] með bræðrum sínum og hafi maðurinn sem krakkarnir voru að tala um, verið þar, en þau hafi verið að tala um einhvern barnaperra [...]. Sá maður hafi verið um 175 cm á hæð, frekar grannvaxinn en með smábumbu, dökkhærður og stuttklipptur, í kringum þrítugt. Lögreglan hafi handtekið sama mann og var [...]. Minnti Á að maðurinn hafi verið í [...]. Á sagðist hafa talið að maðurinn væri áfengisdauður [...], hann hafi setið með hangandi haus. Hann hafi síðar séð hann reyna að klára bjór fyrir framan lögregluna.

D sagði hjá lögreglu að hann og brotaþoli hafi verið [...]. Í [...], hafi þeir rætt um það að D drykki ekki gos. Maður hafi blandað sér í samtalið og sagt að gos væri eitur og í Danmörku væri gos ekki drukkið. Þeir hafi ekkert frekar rætt við manninn og fundist hann skrýttinn og fundið áfengis- og reykingalykt af honum. Eftir [...] hafi þeir B farið [...]. Þeir hafi séð nokkra vini sína [...] og D farið þangað en B farið með öðrum krökkum [...]. Það næsta sem D vissi var að brotaþoli var í sjokki og síðan hafi lögreglan komið en þá hafi D verið kominn upp úr. D kvað manninn hafa verið um 1,70 m á hæð og dökkhærðan.

D kom fyrir dóminn og lýsti því svo að hann og félagar hans, B, C og Ö, hafi farið [...]. Nokkrir krakkar hafi farið [...] en hann hafi sjálfur ekki farið [...]. Inni [...] eftir á hafi hann fengið fréttirnar og hafi hann séð að B var í sjokki. Sagði hann að maðurinn hafi rætt við þá áður en þau fóru [...], og rætt um gosdrykki, m.a. í Danmörku.

Y sagðist hjá lögreglu hafa verið [...] með föður sínum og bræðrum í umrætt sinn. Þegar þeir voru að koma [...] hafi H komið og sagt þeim frá því að perri væri [...] og hefði gefið þeim bendingar með fingrinum um að koma til sín [...]. Hann hafi því sleppt því að fara [...] eins og hann væri vanur. Hann hafi síðan farið með öllum hinum krökkunum [...]. Þar hefði verið troðið svo hann hefði sest við hliðina á manninum og Á við hlið sér. Maðurinn hafi virkað mjög skrýtilega á sig og fannst eins og hann væri á einhverju eða mjög ölvaður. Hann hafi þó ekkert sagt né gert meðan hann var þarna inni. Maðurinn hafi látið eins og hann væri að sofna, hreyft

höfuðið skringilega og með hendurnar hvílandi í klofinu á sér eða á lærunum. Þegar krakkahópurinn [...] hafi Y verið eftir og fært sig þannig að hann sat gegnt mannum. Hann hafi verið þarna inni í 10-15 mínútur. Y kvaðst hafa verið inni þegar seinni hópurinn kom inn. Y kvaðst muna eftir brotaþola í seinni hópnum [...]. Hann hafi legið á [...]. Lýsti Y mannum þannig að hann hafi verið um 1,78 eða 1,80 á hæð, grannvaxinn, hárið hafi verið eðlilegt á sídd og dökkhærður. Hvítur á hörund og hafi hann talað íslensku við lögregluna. Þá hafi hann verið í [...]. Y teiknaði upp fyrir lögreglu afstöðumynd af [...] og þeim sem þar voru inni með seinni hópnum.

Y kom fyrir dóminn og lýsti því að hann hafi farið ásamt tveimur bræðrum sínum [...] í umrætt sinn. Það hafi verið fullorðinn maður [...] hafi komið [...] þegar Y var þar inni. Y kvaðst muna eftir brotaþola [...]. Y kvaðst ekki muna í dag hvenær hann fór út [...] en [...] hafi þá verið inni. Y kvaðst hafa fært sig yfir og setið á móti ákærða eftir að hluti af krökkunum var farinn út.

A sagðist hafa verið [...] í umrætt sinn og verið að ljúka [...] með B. Eftir [...] hafi hún farið [...]. Það hafi verið Ú, D, C, F, Æ og B. Í [...] hafi fyrir verið þrjú karlmenn sem hún þekkti ekki. Eftir stutta stund hafi tveir karlanna farið út. Fyrst hafi Ú, Æ og F farið [...], síðan Ö og C og hún. Á meðan strákarnir voru að fylla á brúsana sína hafi hún farið aftur inn [...] og spurt B hvort hann vildi ekki líka koma með [...] þar sem hann var orðinn einn eftir. Hann hafi svarað því að hann kæmi eftir smá, honum fyndist bara svo þægilegt þarna inni. A hafi því farið [...] með strákunum og hafi verið búin að vera þar stutt, kannski tvær til þrjár mínútur, þegar B hafi komið til þeirra [...]. Hann hafi sest og sagt þeim strax hvað hafði gerst. Þau hafi því hvatt hann til að segja starfsmanni [...] frá, sem B hafi gert. Aðspurð sagði hún B hafa sagt: „Karlinn þarna inni greip um klofið á mér og spurði hvort að ég vildi ekki tott.“ Síðan hafi B sagt að hann hafi haldið að maðurinn hafi ætlað að nauðga sér. A lýsti mannum sem ljóshærðum með armbönd. Maðurinn hafi hvorki verið feitur né mjór og miðlungshár. Hún hafi þó ekki tekið sérstaklega eftir honum inni [...] og vissi ekki hvernig [...] hann hafi verið í. Hún hafi ásamt móður sinni séð þennan mann fyrr um daginn niðri í bæ með tvær ferðatöskur í brjáluðu veðri og þær því tekið sérstaklega eftir honum þar. Sagði A að B hafi verið stjarfur þegar hann kom aftur ofan [...]. A teiknaði fyrir lögreglu afstöðumynd af [...].

A kom fyrir dóminn og sagðist hafa farið [...], hún, C, B, Ö, D, Ú, F og Æ. Þau hafi ákveðið að fara [...] en þar hafi tveir karlar verið fyrir ásamt ákærða. Þau hafi síðan farið að tínast út og farið aftur [...] en fyrst hafi karlarnir tveir farið út. Hún, C, D, Ö og B hafi verið síðust út. Ö og C hafi farið fram til að fá sér vatn og hún þá verið ein eftir með B og ákærða. Hún hafi síðan farið fram til strákanna en snúið við og farið aftur [...] og spurt B hvort hann ætlaði ekki líka að koma [...] en hann sagst ætla að liggja aðeins lengur, það væri svo þægilegt þarna. Stuttu síðar hafi B komið til þeirra [...] og sagt þeim strax frá því sem gerðist. Þau hafi fyrst ekki trúað honum en séð að hann var mjög hræddur og hvatt hann til að segja starfsfólki frá. B hafi sagt eitthvað á þá leið: „Vá, shitt, kallinn [...] greip í klofið á mér og sagði viltu ekki tott, fock ég hélt hann ætlaði að nauðga mér.“

F kvaðst hjá lögreglu hafa verið [...] í umrætt sinn. Hún hafi ekki séð neitt og ekki séð manninn. Hún hafi verið [...] þegar brotaþoli kom í hann [...] og hafi hann verið mjög skrytinn á svipinn. Hann hafi sagt þeim hvað gerðist. Þau hin [...] hafi hvatt hann til að segja [...] frá, sem hann hefði gert.

F kom fyrir dóminn og sagðist hafa verið að koma [...]. Hún hafi verið með Ú, Æ, A, B, Ö og C. Þau hafi farið [...]. Þar hafi verið fyrir þrír menn en tveir þeirra verið farnir út þegar þau fóru [...]. Þau hafi farið öll [...] nema B sem hafi verið einn eftir [...]. B hafi síðan komið [...] til þeirra og sagt þeim að maðurinn [...] hafi reynt að áreita hann með því að grípa í klofið á honum og spurt hvort hann vildi drátt. B hafi verið brugðið og liðið illa, hún hafi skynjað það strax.

Ö kvaðst hafa verið [...] með A, C, D, F, Ú og B. „Kallinn“ hafi verið [...] og tveir menn og strákur á menntaskólaaldri. Mennirnir tveir hafi síðan farið [...] og fljótlega hinn strákurinn. Fyrst hafi tveir krakkar úr hópnum þeirra farið [...] og hafi þau þá verið fimm eftir ásamt karlinum. Ö hafi síðan farið ásamt tveimur öðrum en B viljað vera lengur. Karlinn hafi einnig verið eftir [...]. A hafi farið aftur inn [...] og spurt B hvort hann væri ekki að koma en B sagst ætla að vera aðeins lengur.

Ö hafi verið nýkominn [...] þegar brotaþoli kom þangað skritinn á svipinn. Krakkarnir [...] hafi spurt hann hvað væri að og hann sagt þeim að karlinn [...] hefði komið upp að sér og spurt hvort hann vildi tott og síðan hafi maðurinn annaðhvort gripið um punginn á sér eða B, Ö mundi ekki hvort var. Þá kvað Ö það vera sama manninn sem lögreglan tók og hafði verið [...]. Ö teiknaði afstöðumynd af [...] hjá lögreglu.

Ö kom fyrir dóminn og sagðist hafa verið með A, Æ, F, D, C, Ú og B og þau öll farið [...]. Þau hafi síðan farið öll [...] en B komið síðastur til þeirra [...]. Minnti Ö að einn annar fullorðinn maður hafi einnig verið [...] en farið út um leið og krakkarnir komu inn. [...] hafi B sagt þeim að maðurinn hafi gengið upp að B og spurt hann hvort hann vildi tott og B þá farið út. B hafi verið mjög hissa.

Aa, starfsmaður [...], sagðist hjá lögreglu hafa hitt brotaþola [...] og hafi hann verið hálfskelkaður og hræddur, klökkur og við það að fara að gráta. Aa kvaðst engin deili vita á brotaþola.

Aa kom fyrir dóminn og kvaðst ekki hafa komið neitt að málinu utan að hann hafi verið staddur í afgreiðslu þegar beðið var um lögreglu. Hann hafi farið beint inn [...] og staðið þar fyrir framan [...]. Hann hafi séð til B sem hafi verið hálftaugatrekktur.

Bb, starfsmaður [...], lýsti því svo fyrir lögreglunni að hann hafi veitt fyrst athygli í þessu máli að ferðatöskur voru í geymslu í herbergi bak við afgreiðsluna. Maður, sem var á leið til Danmerkur, hafi beðið um að fá að geyma töskurnar þar. Hann hafi veitt strákahóp eftirtekt [...] sem voru að henda snjóboltum en einnig verið að gjóa augunum [...]. Þetta hafi verið 13 til 14 ára strákar sem voru [...]. Bb kvaðst hafa gengið fram hjá [...] og séð að hurðin þangað inn hafi verið opin og gengið þangað og litið inn. Hafi hann séð mann fyrir utan og Bb sagt við hann að [...]. Maðurinn hafi orðið frekar súr á svipinn og Bb því farið til annars starfsmanns og bent honum á að það þyrfti að fylgjast með [...] vegna þessa. Um hálf tíma síðar hafi verið kallað í talstöð og beðið um að hringt yrði í lögregluna, sem hann hafi gert. Í framhaldi hafi verið farið með manninn inn [...] og lögreglan tekið þar við. Maðurinn hafi verið með tvær ferðatöskur, eina stóra og aðra litla, með sér. Bb lýsti manninum svo að hann hafi verið á milli 30-40 ára gamall, með dökkt hár, skrýttinn til augnanna eins og þreytulegur. Hann hafi verið frekar mjór og hvítur á hörund,

ca. 1,80 á hæð. Hann myndi ekki hvernig [...] hann hafi verið í en rámaði í að hann hafi verið í bláum [...]. Bb kvaðst hafa skoðað upptökur úr eftirlitsmyndavélum og þá séð að þessi maður hafi verið [...], í [...]. Það hafi meðal annars sést þegar hann gekk í áttina [...]. Upptökur á milli kl. 19:00 og 20:30 hafi verið skoðaðar. Þá sást þegar maðurinn kom [...] með leigubíl og bar töskurnar, en hann hafi ekki farið [...] fyrir en 50 mínútum eftir að hann kom með leigubílnum.

Bb kom fyrir dóminn og kvaðst hafa farið [...] kl. 19.30 til kl. 20.00. Þegar hann hafi gengið fram hjá [...] hafi hurðin staðið opin svo hann hafi rætt við manninn um að hafa hurðina lokaða. Nokkru seinna hafi komið beiðni um að hringja í lögregluna. Hann hafi farið inn [...]. Sagðist hann hafa séð B eftir að lögreglan kom og hafi hann verið niðurbrotinn.

Dd, starfsmaður [...], lýsti því hjá lögreglu að hann hafi skipt við Bb í [...] kl. 20:00. Bb hafi komið aftur til sín og sagt sér að það væri einhver ruglaður náungi [...] sem væri með opna hurðina vegna þess að það væri svo [...]. Bb hafi beðið hann um að loka [...]. Bb hafi síðan farið inn [...] en Dd verið að fylgjast með fólkinu [...]. Dd hafi tekið eftir því að stór hópur krakka á aldrinum 13-14 ára hafi farið inn [...] og verið þar í smátíma og komið svo öll út aftur. Síðan hafi einhverjir af [...], sem höfðu verið [...] en Dd ekki tekið eftir því hversu mörg þau voru. Hann hafi því ekki tekið eftir því hversu mörg fóru inn og hversu mörg komu út. Hann hafi síðan verið að fylgjast með fólkinu [...] og þá hafi drengur bankað á hurðina í [...]. Dd hafi ekki heyrt fyrst hvað drengurinn sagði, þar sem hann talaði svo lágt, en drengurinn síðan spurt hvort hann mætti koma inn. Drengurinn hafi komið inn og sagt sér að það væri maður inni [...] og hafi Dd ekki heyrt hvort drengurinn sagði að maðurinn hafi gripið í klofið á drengnum eða maðurinn látið drenginn gripa í klofið á sér og einnig hvort hann hafi sagt „viltu totta hann á mér“ eða „má ég totta hann á þér“. Drengurinn hafi talað það lágt að í öllum æsingnum hafi Dd ekki gert sér grein fyrir því hvort var. Dd sagði að sér hefði „dauðbrugðið“ og farið með strákinn inn [...] og verið með honum þar þangað til lögreglan kom. Þá kvaðst Dd hafa séð á upptökum að sá drengur sem kom í skýlið til sín, hafi fyrst farið [...] til félaga sinna, stoppað þar stutt og farið [...] og komið beint til sín. Sagði hann að stráknum hafi verið mikið niðri fyrir þegar hann kom til sín og þess vegna hafi Dd ekki heyrt fyrst né skilið almennilega hvað drengurinn var að segja. Aðspurður kvaðst Dd ekki vera í nokkrum vafa um að eitthvað hafi komið fyrir drenginn.

Dd kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið kominn í [...] umrætt sinn. Þar hafi verið hópur af krökkum sem hann sá að fóru [...]. Hann hafi ekki veitt því neitt frekar athygli en þau hafi síðan komið út aftur. Þá hafi einn krakkinn [...] komið og sagt sér að hann hafi verið [...] og þar hafi maður veist að honum og spurt eitthvað í þá átt, hvort hann mætti snerta hann á sér eða öfugt, hann myndi það ekki nákvæmlega. Dd sagði að sér hefði brugðið mikið og farið með drenginn beint [...] og staðið vörð um hann þar til lögreglan kom. B hafi skolfið allur og nötrað og verið mikið niðri fyrir.

Ee varðstjóri kom fyrir dóminn og kvaðst hafa komið fyrstur [...]. Kvaðst hann hafa rætt við brotþola í kjölfarið en hann hafi skolfið og grátið. Brotþoli hafi sagt sér að maður [...] hafi meinað honum útgöngu [...] og spurt sig hvort hann vildi tott auk þess að hafa sett höndina á pungsvæðið. Kvaðst Ee vísa til skýrslu sinnar og staðfesta hana. Ee kvaðst hafa rætt við nokkuð marga krakka á staðnum.

Ff lögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa gert myndaskýrslu við rannsókn málsins. Útskýrði hann aðferðina við að gera ljósmyndaskýrslu úr eftirlitsmyndavélum [...]. Þar hafi komið í ljós að hegðun ákærða hafi snúið að drengjum [...]. Ákærði hafi verið að teygja sig ítrekað í áttina að drengjunum [...].

Ólöf Ásta Farestveit kom fyrir dóminn og kvaðst hafa haft brotþola í sálfræðiviðtölum en hann væri búinn að koma fimm sinnum til sín. Beiðni hafi upphaflega komið frá barnaverndarnefnd [...]. Kvað hún meðferðarferlið yfirleitt taka tólf til tuttugu skipti og fara eftir persónu í hverju tilviki. Vel hafi gengið með brotþola en hann sé búinn að vera gríðarlega reiður og pirraður og hafi það einnig bitnað á fjölskyldu hans, sérstaklega á móður hans. Brotþoli [...] og hafi meint brot haft áhrif á brotþola í tengslum við [...] minni hann á brotið. Hann sé með mjög sterka réttlætiskennnd og upplifði að farið hefði verið gróflega yfir hans mörk eins og hann lýsi því. Hann upplifi brotið [...]. Brotþoli sé þroskaður og eigi auðvelt með að túlka tilfinningar sínar. Hann hafi átt erfitt með að sofa og borða eftir brotið og hugsanir hans sífellt beinst að því „hvað ef þetta eða hitt hefði gerst“ sem sé eðlilegt. Reiðin hafi brotist út í skólagöngu og heima fyrir. Hann hafi hætt að umgangast vini sína og viljað vera heima og vera reiður og pirraður þar. Hann sé góður [...] en forðist að hugsa um og líta til [...] og fram til þessa hafi hann ekki farið [...]. Ólöf kvaðst gera ráð fyrir tíu til tólf skiptum til viðbótar en þau séu rétt að byrja í meðferðinni.

V kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið [...] umrætt sinn og farið [...]. Hún hafi tekið eftir því að ákærði stóð fyrir innan fyrri hurðina og þar fyrir innan hafi verið [...] sem ætti ekki að vera. Allar hreyfingar hjá ákærða hafi verið þannig að henni hafi fyrst dottið í hug að eitthvað væri að ákærða. Hún hafi séð að ákærði hafi þurrkað [...] og séð að hann gaf krökkunum bendingar með fingrunum um að koma. Krakkarnir hafi sagt við sig að barnaperri væri [...] sem væri að reyna að lokka þau inn [...]. Sonur hennar, Q, hafi komið til sín og V farið inn í [...]. V hafi næst farið inn [...] og Q hafi komið á eftir henni og sagt henni að reynt hafi verið að nauðga brotþola. Hún hafi þá séð að lögregla var komin.

Önnur rannsóknargögn.

Í gögnum málsins eru ljósmyndir sem sýna afstöðu [...]. Þá eru ljósmyndir af ákærða, teknar daginn eftir handtöku hans. Kemur fram á myndunum að ákærði er með herraklippingu, nokkurn topp og rytjulegan hárvöxt, dökkskulleitur. Ákærði samsvarar sér vel í vexti en er með aðeins útstæðan maga. Ákærði er með tvö armbönd, annað ofið úr svörtu og hvítu efni þannig að það myndar reglulegar köflur og hitt virðist vera fléttað úr brúnu leðri. Þá eru ljósmyndir af [...] ákærða sem eru [...].

Ljósmyndir úr eftirlitsmyndavélum [...] liggja fyrir í málinu þar sem sjá má ákærða koma gangandi að [...] þar sem sjö unglingar voru í. Virðist ákærði á þessum myndum vera með reistan lim. Sex ljósmyndir eru af ákærða [...], teknar á tímabilinu 19:05 til 19:12, þar sem hann er með hönd á nárasvæðinu á sér eða kynfærum. Þá eru ljósmyndir sem sýna ákærða færa sig á [...] til unglinga. Þar má sjá á ljósmyndum ákærða teygja vinstri fót í rass unglings auk þess sem sjá má hann með hönd á kynfærum utan yfir [...]. Þá eru ljósmyndir þar sem sést að ákærði gerir í því að snerta dreng með hægri fæti, þar sem staða fótars hans er óeðlileg

miðað við legu hans.

Ofangreindum myndum til staðfestingar eru upptökur úr upptökuvélum [...].

Forsendur og niðurstaða.

Ákærði neitar sök í málinu varðandi ákærulið 1 og kveðst aldrei hafa verið einn [...] né rætt við nokkurn. Enginn varð vitni að þeim atburði sem ákært er fyrir og verður því niðurstaða málsins byggð á trúverðugleika aðila og vitna og annarra óbeinna sönnunargagna.

Ákærði bar því við að háttsemi sú sem ákært er fyrir ætti við annan mann en hann en fleiri hafi verið [...] um leið og hann, auk þess sem lýsingar vitna á honum hafi verið á reiki. Að mati dómsins er ekki vafi á því að ákærði í máli þessu sé sá sem vitni hafa lýst sem geranda en vitni lýstu útliti hans og þá sérstaklega armbandi sem ákærði var með. Þá staðfestu nokkur vitni fyrir dóminum að ákærði væri sá maður sem þau sáu [...] auk þess sem þau staðfestu að lögregla hefði handtekið sama mann og var [...] með þeim.

Í [...] umrætt skipti voru að mestu tveir unglingshópar. Annar hópurinn hafði verið á [...]. Var brotaþoli í síðari hópnum.

Ákærði neitar að hafa rætt við nokkurn umrætt sinn nema afgreiðslustúlku við komu sína [...] umræddan dag.

Vitnin C D og D lýstu því báðir, strax hjá lögreglu og aftur fyrir dóminum að ákærði ræddi við þá [...] áður en þeir fóru [...]. Þá lýsti vitnið H því að ákærði hefði sagt sér að koma [...]. Þann framburð styður framburður vitnanna Q, T, L, Í, X og W en W kvaðst hjá lögreglu hafa séð ákærða tala við H.

Ákærði neitaði því að hafa með fingrabendingum reynt að hafa samskipti við krakkana [...]. Vitnin Q, U og J lýstu því öll svo, bæði fyrir lögreglu og dómi, að ákærði hefði með fingrabendingum bent þeim [...]. Vitnin V, Í og X lýstu því fyrir dómi að ákærði hafi verið með bendingar til krakkanna [...] að koma [...] auk þess sem vitnin H, O, V og Þ lýstu því líka fyrir lögreglu.

Ákærði neitaði að hafa verið einn með einhverjum öðrum [...].

Vitnin A, C, F og Ö lýstu því öll, bæði fyrir lögreglu og dóminum, að þau hafi yfirgefið [...] og ákærði og B hafi orðið einir eftir inni. A lýsti því einnig að hún hafi farið aftur inn [...] og spurt B sérstaklega að því hvort hann væri ekki að koma en hann svarað því til að það væri svo notalegt að liggja þarna og hann ætlaði að vera aðeins lengur. Er framburður þessara vitna trúverðugur og eins fyrir lögreglu og dóminum.

Af öllu því sem að ofan er rakið telur dómurinn lögfulla sönnun fram komna um að ákærði hafi sýnt af sér þá hegðun sem vitni hafa lýst og einnig að hann hafi orðið einn eftir með brotaþola [...]. Telur dómurinn framburð ákærða ótrúverðugan að öllu leyti og stangast á við framburð fjölmargra vitna.

Þá er til skoðunar hvort ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákærulið 1 í ákæru en ákærði neitar sök. Enginn er til frásagnar um það sem gerðist [...] nema ákærði og brotþoli og er það orð gegn orði.

Vitnin C, A, Ö, F og D lýstu því öll að brotþoli hafi komið síðastur þeirra [...]. Ákærði sagði þeim þá strax frá atvikinu þannig að ákærði hafi í fyrstu runkað sér og tekið typpið út fyrir [...] og síðan tekið um axlir brotþola, tekið um klof hans utan yfir [...] hans og spurt ákærða hvort hann vildi ekki tott. Lýstu þau öll viðbrögðum brotþola og að honum hafi verið mikið niðri fyrir og brugðið. Þá lýstu önnur vitni því, bæði fyrir lögreglu og dómnum, að brotþoli hafi verið miður sín og grátíð [...] eftir atvikið. Brotþoli gaf skýrslu í Barnahúsi stuttu eftir atvikið og aftur fyrir dómnum og hefur framburður hans verið stöðugur skýr og trúverðugur að öllu leyti. Þá er lýsing hans strax á vettvangi í samræmi við síðari framburð hans. Þá styður framburður allra annarra er að málinu komu [...] það að brotþola hafi verið mjög brugðið og miður sín.

Ólöf Ásta Farestveit lýsti hugarástandi brotþola eftir atvikið og styður sú lýsing þau áhrif sem brotþoli segir sjálfur að hann hafi orðið fyrir.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er það niðurstaða dómsins að leggja megi frásögn brotþola til grundvallar því að ákærði hafi brotið gegn honum eins og nánar er lýst í 1. lið ákærunnar, en sú frásögn hans fær stoð í framburði fjölda vitna, bæði þeirra sem voru [...] þegar brotþoli kom [...] og sagði þeim frá atvikinu, starfsmanna [...] svo og þeirra sem lýstu hugarástandi brotþola í beinu framhaldi. Telst þessi háttsemi ákærða nægilega sönnuð og varða við 2. mgr. 202. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga. Verður ákærða gerð refsing fyrir.

Ákærði játaði sök í ákærulið 2. Er játning hans í samræmi við þau gögn sem lögð voru fram í málinu og fundust í tölvu hans. Verður hann einnig sakfelldur fyrir þá háttsemi en hún er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess að ákærði braut gegn ungum dreng sem var aðeins fjórtán ára. Ákærði var dæmdur 23. mars 2010 í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, fyrir blygðunarsemisbrot og umferðarlagabrot. Hefur sá dómur ekki ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar nú, sbr. 61. gr. almennra hegningarlaga en líta verður til 5. tl. 1. mgr. 70. gr. við ákvörðun refsingarinnar. Önnur brot ákærða hafa ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Þykir refsing ákærða nú hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði. Með vísan til sakaferils ákærða þykja ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna. Þá skal ákærði sæta upptöku á tölvu eins og krafist er í ákæru.

Einkaréttarkrafa.

Þess er krafist að ákærði greiði brotþola miskabætur að fjárhæð 800.000 krónur með vöxtum eins og lýst er í ákæru. Var bótakrafan birt ákærða þann 13. maí sl. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Ákærði hefur með háttsemi sinni bakað sér bótaskyldu gagnvart bótakrefjanda samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga og er háttsemin til þess fallin að valda brotaþola miska. Við ákvörðun bóta verður litið til vottorðs Ólafar Ástu Farestveit og frásagnar móður brotaþola sem fær stoð í vottorði Ólafar. Þá átti brotið sér stað [...] þar sem brotaþoli [...]. Hefur brotið valdið honum tilfinningaröskun og andlegri áþján, sem verður að öllu leyti rakið til brota ákærða. Ákveðast miskabætur að þessu virtu 600.000 krónur, með vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði.

Réttargæslumaður brotaþola gerir kröfu um málskostnað fyrir að halda kröfunni uppi. Með vísan til síðari málsliðar 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 verður bótakrefjanda ekki dæmdur málskostnaður við að halda uppi bótakröfu hafi honum verið skipaður réttargæslumaður. Ber því að hafna þeirri kröfu.

Ákæruvaldið hefur gert kröfu um að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar. Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað, sem er samkvæmt yfirliti 66.051 króna, málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Súsönnu Fróðadóttur hdl., á rannsóknarstigi og fyrir dómi, samtals 649.462 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 84.600 krónur í ferðakostnað auk þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Gunnhildar Pétursdóttur hdl., 332.575 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Málið dæma héraðsdómararnir Ástríður Grímsdóttir, Gunnar Aðalsteinsson og Sveinn Sigurkarlsson.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, Róbert Örn Jónsson, sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, samtals 1.132.688 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Súsönnu Fróðadóttur hdl., 649.462 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 84.600 krónur í ferðakostnað auk þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Gunnhildar Pétursdóttur hdl., 332.575 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði greiði M, kt. 000000-0000, vegna ólögráða sonar síns, B, kt. 000000-0000, 600.000 krónur í miskabætur auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 6. mars 2013 til 13. júní 2013 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði sæti upptöku á tölvu (munur 375528).

Ástríður Grímsdóttir

Gunnar Aðalsteinsson

Sveinn Sigurkarlsson

